

ÁRNI BJÖRNSSON

LAURENTIUS SAGA BISKUPS Í ÍB 62 FOL.

ÞEGAR Laurentius saga var búin til prentunar fyrir Handritastofnun Íslands, var ekki vitað um handritið ÍB 62 fol. af sögunni.¹ Til þess var sú ástæða, að um þetta handrit segir einungis í skrá um handritasöfn Landsbókasafns: 'Sögubók, skr. ca. 1770 (Knýtlinga saga o.fl.), er ekki unnt að lýsa nánara, með því að hdr. er í láni utanlands.'²

Laurentius sögu er því ekki getið við þetta handritsnúmer í orðalyklum skrárinnar. Fyrir nokkrum árum rakst Einar G. Pétursson cand. mag. á söguna í þessu handriti og gerði undirrituðum viðvart. Skal nú gerð nokkur grein fyrir því.

Bók þessi er bundin í tréspjöld með skinni utan um, og á kilinum stendur áþrykkt: 'Krambod Bog for Flatöe Handel 1799.'

Handritið er 657 tölusettar síður, en sumar tölurnar eru máðar eða hafa skorist ofan af blöðunum, líklega þegar bókin var bundin. Bls. 261 og 489–90 eru auðar. Ábúðarmikið titilblað er framan við lítið eitt skert, og á því stendur:

Pessi Sagna Bök skirir frá. I^o. Dana Kongu[m] fyrstum Haralldi Gorms(syn)i sidustum Kn(uti) Valdi[marssyni] II^o. Norv(egs) Köngum Olafi H(elga) fyrstum Magnusi Erlings(syn)i seinustum III^o. Hemingi Aslákss(yni) IV^o. Hälfi K(on)gi og Reckum hans V^o. Eyreke hinum Rauda VI^o Laurentio Hóla B(isku)pe VII^o Hungur Vaka.

Fleira er þó aftast í handritinu eða eins og segir á innlögðum bláum mjóum seðli með hendi Jóns Sigurðssonar:

7. Jóns Egilss(onar) B(isku)pa ann(álar) (Húngurvaka) með viðbæti (Gísli – Oddr – Gísli – Brynjólfr)
8. Æfiflokkir Sira Einars í Heydölum

¹ *Laurentius saga biskups*, Árni Björnsson bjó til prentunar (Rit Handritastofnunar Íslands III), Rv. 1969.

² Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II, Rv. 1927, 729.

9. Barnatölu flokkur S' Einars.

Það sem Jón nefnir viðbæti og er á bls. 632–644 er samhljóða efni í þáttum um Skálholtsbiskupana Gísla Jónsson, Odd Einarsson og Gísla Oddsson í ættartölubókum kenndum við séra Þórð Jónsson í Hítardal; ennfremur ágrip af lífssögu Brynjólfs biskups Sveinssonar eftir séra Torfa Jónsson í Gaulverjabæ. Samstofna ágrip er t.d. í *AM 437 fol.*

Framan við titilblað ÍB 62 fol. er dálkskipt saurblað, og efst framan á því er skrifað stórum stöfum með bleki: 'Pétur Gudlaugsson', en neðar með blýanti: 'Skúli Arnason, Gudmundur, Sveyrn, Snyolaug, Helga, Þorbyorg, Sygrydur', og neðst með öðru skriftarlagi 'Gudmundur.' Í næstaftasta dálki stendur 'Petur Pálmason'.

Aftan á saurblaðinu efst til vinstri stendur með bleki: 'DNíelsson 1851.'

Aftan á miðju síðasta blaði sjálfrar sögubókarinnar (bls. 658) er skrifað með bleki: 'Gudm Jónas', en nokkru neðar með blýanti: 'Gudmundur Jónas Són'. Sama nafn er skrifað með blýanti á bls. 544 og með bleki á neðri spássíu bls. 548 og stendur á haus. Aftan við eru tvö skert saurbloð með einhverju reikningsyfirliti, og samskonar blöð eru innan á báðum spjöldunum. Á þeim koma fyrir ártölin 1789, 1790 og 1807. Á fyrra saurbloðinu aftan við söguhandritið má greina brot úr bundnu máli, sem einna helst virðist blanda af guðsorði og hetjurímu (um Egil Skallagrímsson?):

Eigli . . . nn . . . so . . . kom og . . . koldu flesta hafa nadi kiemp-
ann þigt og ulgratt hafdi han a heila stor[d] . . . herda mikill hals-
inn digur hard [leitur] og grimmiligur. Gud minn Godur giefi
m[ier] Gott ad læra og skilia so eg meigi þockn[ast þier] og þin-
um dirdar vilia.

Neðan við þetta má greina nöfnin Bergur Be . . . s(on), Sigurdur Þordar Son, Pietur Gudlau[gs] Son.

Um aldur handritsins og feril segir Jón Sigurðsson þetta eitt á fyrrenfundum seðli: 'hönd c. 1770. Daði Níelss. átti bókina 1851. Baldv. Stephánsson prentari 1869.' Öðrum kunnáttumönnum um handrit og skriftargerð ber saman um, að höndin sé frá seinni hluta 18. aldar.³

³ *Byskupa sögur*, udg. Jón Helgason, I. Hefte, Kh. 1938, 54; sbr. *Hálfs saga ok Hálfsrekka*, herausgegeben von Hubert Seelow, Rv. 1981, 34–35. Með öðrum kunnáttumönnum er einnig átt við Grím M. Helgason á Landsbókasafni, Guðrúnu Ásu Grímsdóttur og Jón Samsonarson á Stofnun Árna Magnússonar.

Baldvin Stefánsson var fæddur á Svalbarði í S-Þing, árið 1840. Hann hóf prentnám hjá Helga Helgasyni á Akureyri um 1857. Eftir lát Helga tók hann við prentsmiðjunni og var yfirprentari á Akureyri 1862–1867. Þá hvarf hann frá prentverki um hríð, en 1871 gerðist hann enn prentari á Akureyri og var það samfleytt til 1882. Jón Sigurðsson veit því af handritinu í eigu Baldvins, meðan hann tekur sér hlé frá prentstörfum.⁴

Daði Níelsson fróði var fæddur 1809. Hann dvaldist á Akureyri annað veifið frá því um 1850 og starfaði þar m.a. sem næturvörður í tvö ár, en var oft í bóksöluferðum. Hann varð úti á Skagaströnd 8. jan. 1857, um líkt leyti og Baldvin byrjar prentnám á Akureyri.

Ekki er vitað með vissu um feril handritsins, áður en það kemst í hendur Daða, en letrið á skinnbandinu bendir ótvírætt til Flateyjar á Breiðafirði. Á handritinu eru tvær hendur og skiptir um með annarri línu á bls. 137. Skriftin þaðan og til enda líkist mjög hendinni á *Lbs. 204 fol.* og *Lbs. 389 4to*, sem skrifuð eru af sr. Markúsi Snæbjarnarsyni. Hann var einmitt prestur í Flatey 1753–1787.

Laurentius saga er á bls. 516–566 og endar á orðunum *megni hans*, 140²⁴ í útgáfunni. Sagan er því eins heil hér og í *AM 404 4to (P)* að undanskildu síðasta orðinu: *vm*. Neðan við lok sögunnar yst til vinstri hefur eitthvað verið skrifað en skorist framan af orðunum. Það sem nokkurnveginn má lesa virðist vera: *[hu]cusque exscriptum Hacqvini*. Framan við síðasta orðið má lesa bókstafina *ni*, en ótryggt er að giska á hvaða stafi vantar framan á svo úr verði heilt orð.⁵

Rekja má sérleshætti þessa handrits allar götur frá P til *Lbs. 36 fol.* Hinsvegar er engin samsvörun við neina sérleshætti *Lbs. 1229 4to* og ekki heldur við *British Museum Add. 11.135*, nema á einum stað: 66²⁶ *ometnadarsamliga] nadarsaml. 36, fagnadarsaml. 11.135, fagnadarsamliga 62*. En þess er að gæta, að þrír úrfellingarpunktar eru framan við *nadarsaml.* í 36, og virðast tveir skrifarar blátt áfram hafa getið á sama hátt í þá eyðu.

Samsvörun er á hinn bóginn við suma sérleshætti í *Rask 52*, en ekki við aðra, og er sá munur öldungis hinn sami og í *Lbs. 942 4to*. Frá því handriti virðist ÍB 62 fol. vera runnið.

⁴ *Bókagerðarmenn*, Rv. 1976, 205.

⁵ Við úrlestur þennan naut ég aðstoðar Jakobs Benediktssonar og Sigurðar Péturssonar.

Meginröksemd fyrir því, að 62 sé komið af 942, en ekki öfugt, felst í fyrirsögn sögunnar. Alla leið frá Þ til 942 hefur hún verið á þessa lund með lítilvægum frávikum í stafsetningu: *Hier byriar sogu aff Laurentio Höla bÿskupe*.

Í 62 er fyrirsögnin hinsvegar þessi: *Saga Lavrentii Hoola B(isku)ps*.

Neðan við söguheitið stendur *Prologus*, en sú kaflafyrirsögn sést ekki í neinu öðru handriti sögunnar. Það væri harla ósennilegt, ef 942 væri skrifað eftir 62, að skrifari 942 hefði farið að breyta þessum fyrirsögnum og þá hitt á nákvæmlega sömu aðalfyrirsögn og fylgt hafði allri handritaröðinni fram til 62. Líklegra er því, að skrifari 62 hafi breytt um fyrirsögn, enda er hann ekki alveg laus við fordild og hneigist m.a. nokkuð til fyrningar í stafsetningu, t.d.: 3¹⁹ *Krist fe*] *Christoffur* 942, *Christ Offr* 62; 3²⁶ *vistum*] *vestur* 942, *vestr* 62.

Nýir leshættir í 62 miðað við 942:

2²⁵ *Fadir – Kalfur*] *Af fauþur Laurentio er það ad seigia ad hann er Kalfur nefndur* 942, *Af fædr Laurentio er það at segia at fadir hans er nemndr Kälfr* 62; 2²⁸ *mega*] *meigie* 942, *mä* 62; 4¹⁸ *at*] *ad* 942, 62; 4²¹ *leidde*] *leydde* 942, *leida* 62; 4²⁵ *frænnda*] *frænda* 942, *mägi*, *leiðr*. á spássú úr *frænda* 62; 9²⁷⁻²⁸ *sagdiz – boknams*] ÷ 62; 11¹⁴ *for*] *kom* 62; 11¹⁵ *hinum*] ÷ 942, *enum* 62; 11²² *þegar*] ÷ 62; 15²³⁻²⁴ *kominn*] + *til hans* 62; 17²⁷ *sagdi Laur(entius)*] ÷ 62.

Nokkuð er um leiðréttingar og viðbætur á fyrstu blaðsíðum sögunnar, 516–523 (1–14 í útgáfunni), með dekkra bleki og smærri skrift, ýmist á spássú eða milli lína. Einkum er um að ræða orð og setningar, sem vantaði þegar í 942 og jafnvel enn eldri handrit. Dæmi: 4³⁰ *kaggi Þórgr*; 5³¹⁻³² *af Púl – br(odir) h(ans)*; 8²² *sukk*] *hark* > *suck*; 9³¹ *godann*] *mikinn* > *gódan*; 10²¹ *alldurs*; 12⁶ *forsia*] *Rada* > *forsiár*; 12⁸⁻¹⁰ *og hinn – í vináttu*; 13³⁴ *heilags manz*] *herramanna* > *heilagra manna*; 14²⁴ *breffsins*] *prestsinz* > *breffsins*.

Við tvö síðustu dæmin stendur *al*: (þ.e.: *alii*). Af því má ráða að skrifari hafi haft annað handrit til hliðsjónar.

Með þessari viðbót og smávægilegri lagfæringu frá útgáfunni lítur ættarskrá handrita Laurentius sögu þannig út:

ÆTARSKRÁ HANDRITA

